

# Nóvember

## Tvær hestastökur

Rauður minn er sterkur, stór  
stinnur mjög til ferðalags.  
Suður á land hann feitur fór,  
fallegur á tagl og fax.

Litla Jörp með lipran fót  
labbar götu þvera.  
Hún mun seinna á mannamót  
mig í söðli bera.

## Á Sprengisandi

Lag: Sigvaldi Kaldalóns

Texti: Sigfús Einarsson / Grímur Thomsen

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell.  
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn  
úr því fer að skyggja á jökulsvell.  
:,: Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.:,:

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,  
þurran vill hún blóði væta góm,  
eða líka einhver var að húa  
undarlega digrum karlaróm.  
:,: Útilegumenn í Ódáðahraun  
eru kannski' að smala fé á laun.:,:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rökkrið er að síga' á Herðubreið.  
Álfadrotting er að beisla gandinn,  
ekki' er gott að verða' á hennar leið.  
:,: Vænsta klárinn vildi' ég gefa til  
að vera kominn ofan í Kiðagil.:,:

## Kibba, kibba

Lag: Olli Suolahti

Texti: Sigurður Ágústsson

Kibba, kibba komiði greyin.  
Kibba, kibba græn eru heyin,  
kibba, kibba gemsar og gamalær  
og golsóttur sauðapeyinn.

Nálgast nú sólin náttstaðinn,  
nú ertu fjarri vinur minn.  
Skyldum við hittast í morgunmund?  
Mild verður gleðin við endurfund

## Kindur jarma í kofunum

Lag/ texti: Íslenskt þjóðlag

Kindur jarma í kofunum, kofunum,  
kýrnar baula á básunum, básunum,  
hestar hneggja í haganum,  
Hundar gelta á bæjunum, bæjunum.

## Tvær lausavísur

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, titlingur.  
Galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá  
vísu gamli Jarpur.  
Aldrei hefur fallið frá  
frækilegri garpur.

## Krummi svaf í klettagjá

Lag: Þjóðlag Texti: Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá,  
kaldri vetrarnóttu á,  
:,: verður margt að mein i,:  
Fyrr en dagur fagur rann,  
freðið nefið dregur hann  
:,: undan stórum steini. :,:

# Á íslensku má alltaf finna svar

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Texti: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar  
og orða stórt og smátt sem er og var,  
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,  
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,  
þar vex og grær og dafnar okkar mál.  
Að gæta hennar gildir hér og nú,  
það gerir enginn - nema ég og þú

## Buxur, vesti, brók og skó

Lag: Þjóðlag

Syngjum lag Atla Heimis Sveinssonar með eldri börnunum

Texti: Jónas Hallgrímsson

Buxur, vesti, brók og skó,  
bætta sokka nýta,  
húfutetur, hálsklút þó,  
háleistana hvíta.

## Hættu að gráta hringaná

Lag: Þjóðlag Texti: Jónas Hallgrímsson

Hættu að gráta, hringaná,  
heyrðu ræðu mína;  
ég skal gefa þér gull í tá,  
þó Grímur taki þína.

Hættu að gráta, hringaná,  
huggun er það meiri,  
ég skal gefa þér gull í tá,  
þó Grímur taki fleiri.

Hættu að gráta, hringaná,  
huggun má það kalla,  
ég skal gefa þér gull í tá,  
þó Grímur taki þær allar.

# Sögugabb

Lag: Atli Heimir Sveinsson

Texti: Höfundur ókunnur

Einu sinni var karl og kerling

í koti sínu.

Þau áttu sér kálf

nú er sagan hálf.

Hann hljóp út um víðan völl

og nú er sagan öll.

## Þula

Úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar

Unnust þau bæði vel og lengi,

áttu börn og burur

grófu rætur og murur;

smérið rann,

roðið brann,

sagan upp á hvern mann

sem hlýða kann;

brenni þeim í kolli baun

sem ekki gjalda mér sögulaun

fyrir í dag en á morgun.

Köttur út í mýri

setti upp á sér stýri,

úti er ævintýri.